



## Fundargerð fræðslunefndar

Fimmtudaginn 18. ágúst 2011, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Svenny Hallbjörnsdóttir, Signý Richter, Þórunn Bernósdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Staða reksturs leikskóla ef til verkfalls FL kemur.

Fyrir fundinum lágu samantektir frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga (Sís) og Félagi leikskólakennara (FL) þar sem fjallað er um hvernig skuli staðið að verkfalli og hvað sé heimilt eða ekki heimilt í rekstri leikskólans komi til vinnustöðvunar.

Eftirfarandi gögn voru til skoðunar og umræðu:

- a) Viðmiðunarreglur í verkfalli leikskólakennara skv. samþykkt í stjórn FL 10. ágúst 2011.
- b) Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og leikskólastjóra um fyrirhugað verkfall Félags leikskólakennara, dags. 16. ágúst 2011
- c) Afrit af tölvupósti Ingu Rúnar Ólafsdóttur sviðsstjóra kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 18. ágúst 2011

Talsvert ósamræmi er milli viðmiðunarreglna FL og minnisblaðs Sís um hvaða umboð leikskólastjórar hafi til að halda opnum deildum leikskóla ef deildarstjórar eru í FL.

Í tölvupósti Ingu Rúnar kemur fram að samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga beinir því til sveitarfélaga að þau skipuleggi starfsemi leikskóla þannig að sem minnst hætta verði á átökum við verkfallsverði, komi til verkfalls. Þar kemur einnig fram að ef til verkfalls kemur verði reglum um störf í verkfalli vísað til úrskurðar félagsdóms.

Fyrirliggjandi gögn og málið í heild voru rædd. Fundarmenn voru sammála um að hlíta þeim tilmælum sem fram koma um að forðast átök um störf við leikskólann og því verði leikskólinn lokaður ef til verkfalls kemur nema félagsdómur úrskurði þannig að hægt sé að opna að einhverju leyti þrátt fyrir verkfall.



## 2. Önnur mál.

Leikskólastjóri gerði grein fyrir því að skráðum leikskólabörnum hafi fækkað og stefni nú í að vera 32 en hafi verið á bilinu 36-39 síðastliðið starfsár.

Starfsmönnum hefur einnig fækkað og jafnframt hafa þeir sem eru í starfi tekið aukið starfshlutfall.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.40

Birna Sveinsdóttir,

Aðalheiður Árnadóttir,

Svenný Hallbjörnsdóttir,

Signý Richter,

Þórunn Bernódusdóttir,

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir,

Sesselja Guðmundsdóttir

Magnús B. Jónsson.